



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

## Starf Flugklasans Air 66N 26. mars – 14. október 2025

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

### Markaðssetning

Flugklasinn hefur tekið þátt ferðasýningum og vinnustofum eins og áður til að kynna nýjar flugleiðir. Mikil vinna hefur farið í að hvetja innlenda og erlenda ferðasöluaðila til þess að nýta nýja möguleika í flugi beint til Akureyrar.

Sýningar þar sem Flugklasinn hefur átt fulltrúa:

- Winter Event í Hollandi á vegum Voigt Travel 20.-21. september
- IFTM Top Resa í París 23. september
- VestNorden á Akureyri 30. september – 1. október

Vinnustofur þar sem Flugklasinn hefur átt fulltrúa:

- Vinnustofur í Zurich og Amsterdam 26. – 27. maí
- Vinnustofa í Frankfurt 25. september

Að auki stóð Flugklasinn fyrir, í samstarfi við Austurbrú og Íslandsstofu (Nature Direct), vinnustofum í London og Manchester 2. og 3. Apríl. Alls sendu 17 fyrirtæki frá Norður- og Austurlandi fulltrúa sína á vinnustofurnar til að kynna áfangastaðinn og sitt vöruframboð fyrir 35 ferðasöluaðilum þar í landi. Eru þessar vinnustofur mikilvægt skref til þess að styðja við Bretlandsflug easyJet og auka sýnileika áfangastaðarins Norðurlands á breskum markaði.

Móttaka blaðamanna og fulltrúa frá ferðaskrifstofum (FAM ferðir) er nú sem fyrr mikilvægur liður í starfi Flugklasans. Hér er upptalning á því helsta síðustu mánuði:

- MN tók þátt í undirbúningi, skipulagningu og framkvæmd á FAM ferð frá Bretlandi í samstarfi við ferðaskrifstofuna Obeo Travel. Fulltrúar frá 10 ferðasöluaðilum í Bretlandi heimsóttu Norðurland í 22. – 25. mars til þess að kynna sér þjónustufurboð og upplifa áfangastaðinn.
- MN stóð fyrir FAM ferð 25. – 29. mars fyrir fulltrúa frá 7 ferðasöluaðilum í Bretlandi í samstarfi við bresku ferðaskrifstofuna Discover The World. Þessi ferðaskrifstofa hefur um áratugaskeið selt fólki Íslandsferðir og hefur mikinn hug á að auka veg Norðurlands í þeirra vöruframboði, þar sem nú er í boði beint flug frá Bretlandi til Akureyrar. Ferðin heppnaðist vel í alla staði og mun vonandi skila fleiri breskum ferðamönnum beint norður á næstu misserum.
- 5.-8. apríl – Blaðamaður frá Daily Star í Bretlandi kom og heimsótti Akureyri og Eyjafjörð.
- 13.-14. júlí – Michael Marek kom frá Þýskalandi í gegnum Finn Partners. Hann kom með skemmtiferðaskipinu Seven Seas til Siglufjarðar, fór í ferð til Akureyrar og Goðafoss og heimsótti Síldarminjasafnið.
- Síðustu vikan í ágúst - 7 blaðamenn frá Bretlandi og Bandaríkjunum, sem komu hingað í 5 daga til að keppa í Rift MTB hjólakeppninni á vegum íslenska hjólaframleiðandans Lauf. Þau sáu um allt skipulag og kostnað sjálf við þessa blaðamenn, en Flugklasinn bauð í mat og kynningu á Norðurlandi og Akureyri, minnstist á beinu flugin yfir veturinn osfrv, og allir fengu gjafapoka.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Efnisframléiðslu var haldið áfram á tímabilinu. Bætt var við myndabankann (35 stk), aðallega haust og vetrarmyndir. Einnig var framléitt nýtt kynningarmyndband með áherlsu á sumarið.

## Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Ápreifanlegasti árangurinn af starfi verkefnisins birtist í sívaxandi millilandaflugi um Akureyrarflugvöll. Flugframboð sumarið 2025 var svipað og sumarið 2024, en veturinn 2024/25 jókst sætaframboð í beinu millilandaflugi um 93% samanborið við veturinn 2023/24. Aukningin skýrist af stærstum hluta af því að Manchester kom inn sem nýr áfangastaður. Síðasta vetur voru í boði samtals 106 flugferðir með 170-190 sæta vélum frá fjórum mismunandi áfangastöðum erlendis. Það þýðir tæplega 20.000 sæti í boði (aðra leið) samanborið við rúmlega 10.000 sæti árið áður. Þessi aukna flugumferð gjörbreytir forsendum fyrir ferðaðþjónustufyrirtæki á Norðurlandi til þess að starfa á heilsársgrunni og ýtir undir vörubróun og nýsköpun í vetrarferðaðþjónustu.

Flugklasinn hefur eins og áður veitt þeim sem standa fyrir flugi til Akureyrar margs konar aðstoð t.d. lesið yfir umsóknir í Flugþróunarsjóð, farið yfir markaðsefni, hjálpað til við tengingar birgja á Norðurlandi og verið ráðgefandi á ýmsum sviðum. Einnig hefur klasinn unnið markvisst að því að auka vitund ferðasöluaðila um þessa nýju flugleið og virkja ferðaskrifstofur til þess að nýta sér hana og bjóða upp á fleiri vörur/vörupakka á Norðurlandi.

Breska flugfélagið **easyJet** hélt áfram áætlunarflugi milli London og Akureyrar síðasta vetur. Flogið var tvisvar í viku á þriðjudögum og laugardögum frá byrjun nóvember og til loka apríl. Flugfélagið hóf einnig áætlunarflug frá Manchester á sömu vikudögum frá miðjum nóvember og til loka mars. Flugið gekk almennt vel og sætanýting ásættanleg miðað við að easyJet tvöfaldaði sætaframboð sitt frá Bretlandi til Akureyrar á milli ára. Ljóst er þó að enn þarf að setja kraft í markaðssetningu til þess að koma áfangastaðnum Akureyri og Norðurlandi betur á framfæri á breskum markaði. Til þess að ræða þau mál og almennt um framtíð millilandaflug félagsins, áttu fulltrúar easyJet fundi með ráðherra ferðamála og fulltrúum Íslandsstofu í Reykjavík 21. maí. Til stóð að fulltrúar Flugklasans sætu þessa fundi, en þeir voru því miður veðurtepptir á Akureyri. Flugklasinn átti hins vegar fjölmarga aðra fundi með easyJet á tímabilinu varðandi áherslur í markaðssetningu, framkvæmd fluganna og fleira.

Flugklasinn hefur átt í góðu samstarfi við hollensku ferðaskrifstofuna **Voigt Travel** sem fyrr, og unnið með þeim að ýmsum verkefnum til að auka eftirspurn. Voigt Travel stóð fyrir vikulegum leiguflugum frá Amsterdam til Akureyrar í sumar. Um var að ræða 11 flug frá byrjun júní fram í miðjan ágúst. Voigt Travel mun einnig standa fyrir 10 leiguflugum frá Amsterdam í vetur, frá lokum janúar og fram í mars. Þessi flug hafa gengið þokkalega vel, en enn er þörf á átaki í markaðssetningu til að festa áfangastaðinn í sessi hjá Hollendingum. Þessi starfsemi Voigt Travel hefur haft mikil jákvæð áhrif á þróun vetrarferðaðþjónustu á Norðurlandi og rutt brautina fyrir frekari aukningu þar. Dagana 20.-21. september tók Flugklasinn þátt í viðburði í Hollandi á vegum Voigt Travel, og kynnti Norðurland og það sem svæðið hefur upp á að bjóða. Viðburðurinn var vel sóttur og var greinilegt að áhugi á Íslandi er sífellt að aukast meðal ferðamanna sem velja að ferðast til norðlægra slóða.

Ferðaskrifstofan **Kontiki** í Sviss stóð fyrir leiguflugi frá Zurich til Akureyrar í vetur og er þetta annar veturinn sem Kontiki starfrækir slíkt leiguflug. Alls var um að ræða 6 vikuleg flug í febrúar og mars og annaðist Edelweiss flugið. MN hefur átt gott samstarf við Kontiki. Í lok maí átti MN fund með fulltrúum Kontiki í Sviss, þar sem farið var yfir tímabilið og áætlanir framundan. Framkvæmdin gekk heilt yfir vel og Kontiki ánæggt með veturinn. Kontiki stefnir að svipaðri áætlun næsta vetur, sem er frábær viðbót fyrir vetrarferðaðþjónustu á Norðurlandi.

Flugfélagið **Edelweiss** í Sviss hélt uppi áætlunarflugi til Akureyrar frá Zurich þriðja sumarið í röð. Flogið var vikulega frá seinni hluta júní til seinni hluta ágúst. Flugáætluninni var breytt þannig að nú í sumar var flogið að degi til, í stað næturflugs áður. Einnig hefur sú breyting orðið að Akureyrarflugið er orðið hluti af þríhyrningsflugi Edelweiss til



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Íslands, þannig að nú er flogið Zurich – Keflavík – Akureyri – Zurich. Fulltrúi Flugklasans heimsótti höfuðstöðvar Edelweiss í lok maí og átti þar gott spjall um stöðu flugsins og framtíðarmöguleika.

Flugklasinn nýtti sér áfram vinnu ráðgjafanna Chris Hagan og Wietse Dijkstra við ýmsar greiningar og markaðssókn. Flugklasinn vann einnig áfram með Nature Direct hópnum, en Nature Direct er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrúar um markaðssetningu alþjóðaflugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum. Samstarfið hefur gengið vel og er mikilvægur hluti vinnunnar við að greina ný tækifæri fyrir beint flug í framtíðinni. Fyrri hluta apríl sóttu fulltrúar hópsins ráðstefnuna Routes Europe, þar sem flugfélög og áfangastaðir áttu fundi um núverandi og framtíðar flugleiðir. Ráðstefnan gekk vel og í kjölfarið hefur Flugklasinn átt samskipti við nokkur flugfélög sem hafa sýnt áætlunarflugi til Akureyrar áhuga í framtíðinni.

## Innra starf

Flugklasinn tók þátt í undirbúningi og skipulagi vinnufundar í Hofi þann 29. september undir yfirskriftinni „Become a part of the future of North Iceland“. Fundurinn var haldinn að frumkvæði hollensku ferðaskrifstofunnar Voigt Travel og svissnesku ferðaskrifstofunnar Kontiki, sem báðar hafa haldið uppi leiguflugi beint til Akureyrar undanfarin ár. Þessar ferðaskrifstofur hafa sýnt áhuga á uppbyggingu ferðabjónustu á Norðurlandi og tekið virkan þátt í þróun áfangastaðarins – og vilja halda því áfram. Vinnufundurinn tókst mjög vel og yfir 100 manns mættu til að hlýða á erindi og taka þátt í vinnustofu í lokin. Afrakstur vinnustofunnar verður nýttur til áframhaldandi þróunar áfangastaðarins á sjálfbæran hátt.

Þingmenn Norð-austur kjördæmis sóttu heim VestNorden ferðakaupstefnuna sem að þessu sinni var haldin á Akureyri dagana 30. sept. – 1. okt. Við það tækifæri átti Flugklasinn fund með þingmönnum ásamt fyrirlesurum frá fyrrgreindum vinnufundi Voigt Travel og Kontiki. Rætt var um mikilvægi beina flugsins til Akureyrar fyrir ferðabjónustu, aðrar atvinnugreinar og samfélagið allt ásamt þeim tækifærum sem liggja í frekari þróun áfangastaðarins. Einnig var lögð þung áhersla á áframhaldandi uppbyggingu Akureyrarflugvallar og mikilvægi Flugþróunarsjóðs í því að auka umferð millilandaflugs og að hann hafi nægt fjármagn til að sinna sínu hlutverki.

Enn stendur yfir vinna við ný GPS aðflug úr suðri fyrir Akureyrarflugvöll. Vonir standa til að annað þeirra verði tilbúið fljótlega, en hitt kemur eitthvað síðar. Þessi nýju aðflug munu auka verulega öryggi og nýtingarmöguleika flugvallarins og mikilvægt að þau komist í gagnið sem fyrst.

## Hvað er fram undan?

Flugklasinn mun halda áfram markaðssetningu til ferðaskrifstofa. Annars vegar með því að sækja sýningar og vinnustofur sem eru fram undan, og hins vegar með því að halda áfram beinni sókn á ferðaskrifstofur til að setja upp annaðhvort leiguflug eða styðja við áætlunarflug beint til Akureyrar. Almenn markaðssetning heldur einnig áfram með hefðbundnum hætti, sem og framleiðsla og birting á nýju efni.

Flugklasinn mun eiga fulltrúa á WTM í London í byrjun nóvember – einni stærstu ferðaráðstefnu í Evrópu.

Flugklasinn stefnir að því að halda vinnustofur í Brighton og Manchester í lok nóvember. Þar gefst fyrirtækjum frá Norðurlandi tækifæri á að senda fulltrúa sína til að kynna áfangastaðinn og sitt vöruframboð fyrir ferðasöluaðilum í Bretlandi. eru þessar vinnustofur mikilvægt skref til þess að styðja við Bretlandsflug easyJet og auka sýnileika áfangastaðarins Norðurlands á breskum markaði.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Vinna með þeim aðilum sem eru að standa fyrir flugi mun halda áfram. Mikilvægt er að festa í sessi það flug sem nú þegar er í gangi með stuðningi á ýmsum sviðum. Einnig er áhersla á að ná inn beinu flugi frá fleiri áfangastöðum og verður markvisst unnið að því á næstu mánuðum. Nature Direct samstarfið kemur sterkt inn í þá vinnu varðandi ýmsa greiningavinnu og samskipti við flugfélög ofl.

Flugklasinn mun á næstu mánuðum vinna áfram með afrakstur vinnustofunnar sem haldin var 29. september. Mikil tækifæri eru til áframhaldandi þróunar og uppbyggingar í ferðþjónustu á Norðurlandi með sjálfbærni að leiðarljósi.

Flugklasinn mun einnig fylgjast með framgangi mála á Akureyrarflugvelli og halda áfram að hvetja til áframhaldandi uppbyggingar. Enn vantar aðflugsljós á norðurenda brautarinnar og mikil eftirspurn er eftir lóðum á flugvallarsvæðinu, sem þarf að fergja og undirbúa til úthlutunar. Svo eru enn flöskuhálsar í flugstöðinni og æskilegt að huga strax að frekari stækkun á henni.

Fjármögnun Flugklasans er ekki trygg til lengri tíma. Í nóvember 2024 tókst að tryggja fjármögnun frá ríkinu til tveggja ára (út árið 2026) en samningar við sveitarfélögin renna út í lok þessa árs. Fram undan eru umleitanir til að tryggja klasanum fjármagn til að hann geti starfað með svipuðum hætti og undanfarin ár.

Akureyri, 14. október 2025

Hjalti Páll Þórarinsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N